

**9. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greitt verði sérstakt gjald fyrir leyfi samkv. 5. gr. Ákveður bæjarstjórn þá gjald þetta til eins árs í senn.

Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár.

Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

**10. gr.**

Ef leyfishafi, sbr. 5. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölu- staða þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað í tiltekinn tíma.

**11. gr.**

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 1500.00.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frestur til að breyta sölustöðum, samkv. 5. gr. samþykktar þessarar, er einn mánuður frá gildistöku samþykktarinnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almanna- frið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 160 frá 21. júlí 1965, um lokun sölu- búða í Húsavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun fjölskyldubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

Árleg grunnupphæð fjölskyldubóta með hverju barni samkvæmt 15. gr. laga nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, skal frá 1. nóvember 1966 hækka úr kr. 3000.00 í kr. 3437.00.

Hækkun bótanna á árinu 1966 skal greidd með bótum 1. ársfjórðungs 1967.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. nóvember 1966.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*